

SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2015, 15. apríl, var haldinn 77. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi á Höfðatorgi í Reykjavík og hófst kl. 11:05. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Jóna Björg Sætran (B), Kjartan Magnússon (D), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D), Ragnar Hansson (Æ) og Sabine Leskopf (S). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Arnaldur Sigurðarson (P); Andrea Sigurjónsdóttir, starfsfólk í leikskólum; Bryndís Jónsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum; Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjórar í grunnskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, skólastjórar í leikskólum; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Rósa Ingvarsdóttir, kennarar í grunnskólum og Sveinn Sigurður Kjartansson, foreldrar barna í leikskólum. Jafnframt sátu fundinn Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Guðrún Edda Bentsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Ragnheiður E. Stefánsdóttir og Soffía Pálsdóttir. Fundarritari var Guðrún Sigtryggisdóttir.

Þetta gerðist:

Formaður bauð Guðrúnu Kaldal velkomna á sinn fyrsta fund í skóla- og frístundaráði.

1. Milli mála, matstæki til að meta íslenskukunnáttu nemenda í grunnskólum sem hafa íslensku sem annað tungumál. Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri tölfræði- og rannsóknþjónustu skóla- og frístundasviðs, kynni og svarar fyrirspurnum.

Fríða Bjarney Jónsdóttir, Renata Emilsson Peskova, Rósa Björg Þorsteinsdóttir og Steingerður Kristjánsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lögð fram skýrsla starfshóps um móðurmálskennslu barna með annað móðurmál en íslensku. Sabine Leskopf, formaður starfshópsins, Jóna Björg Sætran, Fríða Bjarney Jónsdóttir, Renata Emilsson Peskova, Rósa Björg Þorsteinsdóttir og Steingerður Kristjánsdóttir kynna og svara fyrirspurnum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð þakkar starfshópnum um móðurmálskennslu faglega lokaskýrslu þar sem settar eru fram tillögur um styrkingu virks tvítyngis, innleiðingu móðurmálskennslu, foreldrasamstarf, fræðslu og eflingu málþroska barna af erlendum uppruna. Skóla- og frístundaráð samþykkir að koma á tilraunaverkefni til tveggja ára sem byggir á tillögu starfshóps um móðurmálskennslu barna með annað móðurmál en íslensku. Tillaga starfshópsins fjallar um að ráðnir verði tveir tvítyngdir grunnskólakennarar (farkennarar). Hlutverk kennaranna verði annars vegar að kenna móðurmál nemenda og hins vegar að vinna sem tvítyngdir fagkennarar til að styðja við nemendur sem ekki hafa náð fullum tókum á íslensku máli. Lagt er til að tilraunaverkefnið hefjist haust 2015 og verði metið við lok tímabilsins. Sviðsstjóra er jafnframt falið að vinna kostnaðargreinda forgangs- og innleiðingaráætlun á hinum tillögunum sem fram koma í skýrslunni sem kynnt verði skóla- og frístundaráði á seinni fundi í maí.

Greinargerð fylgir. SFS2014100162

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og Flugvallarvina í skóla og frístundaráði lýsir yfir ánægju með faglega unna lokaskýrslu starfshóps um móðurmálskennslu barna með annað

móðurmál en íslensku. Þar eru settar fram metnaðarfullar og framsýnar tillögur um styrkingu virks tvítýngis, innleiðingu móðurmálskennslu barna af erlendum uppruna í leikskólum, grunnskólum sem og frístund, foreldrasamstarf, fræðslu og símenntun kennara og annarra starfsmanna sem vinna á þessu sviði. Móðurmál hvers og eins er oft nefnt móðurmál hjartans og almennt er viðurkennt að öllum börnum sé mikilvægt að ná góðum tókum á eigin móðurmáli til að geta tileinkað sér önnur tungumál og að góð tók á eigin móðurmáli sé einnig traustur grunnur að velgengni og góðum námsárangri - jafnt í grunnskóla og hvað varðar framhaldsmenntun. Þar sem allt að 20% barna í leikskólum í Reykjavík í dag eru af erlendum uppruna sem og um 10% grunnskólanemenda er brýnt að vinna vel að uppbyggingu og utanumhaldi um móðurmálskennslu þessara barna til að tryggja þeim jafnræði til mennta á við önnur börn. Mikilvægt er að nýta vel og á markvissan hátt þá þekkingu og færni á þessu sviði sem er víða til staðar í skólasamfélaginu dag. Einnig er brýnt að leita samstarfs við bæði ríkið og sveitarfélögin því hér er um að ræða grunnvinnu, upplýsingaöflun og aðlagð námsefni sem myndi nýtast börnum á öllu landinu.

3. Lögð fram drög að áherslum og forgangsöröðun í skóla- og frístundamálum 2016-2020, trúnaðarmál. SFS2015030001

Áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna leggur fram svohljóðandi bókun:

Félag foreldra leikskólabarna í Reykjavík spyr hvaða forsendur séu fyrir því að auka þurfi vægi upplýsingatækni í skólum og frístundamálum borgarinnar? Eins hvað innleiðing nýrra vinnubragða hefur í för með sér og á hvaða forsendum? Er knýjandi þörf á frekari tölvunotkun á meðal barnanna okkar? Nota börn tölvur allajafna of lítið og geta ekki nýtt sér þær t.d. þegar í framhaldsnám er komið? Hefur stafræn kennslutækni einhverja kosti fram yfir hefðbundnar aðferðir og hvaða rannsóknir styðja það? Ýmsar virtar stofnanir og sérfræðingar m.a. í þroska barna hafa ákveðið varað við notkun slíkrar tækni við kennslu og sérstaklega þegar ung börn eiga í hlut. Má þar t.a.m. nefna Barnalæknasamtök Bandaríkjanna og Kanada, American Public Health Association og The National Resource Center for Health and Safety in Child Care and Early Education sem hafa sett viðmið fyrir hámarksskjátíma fyrir börn að 18 ára aldri. Samkvæmt þeim ættu börn tveggja ára og yngri aldrei að nota skjái og börn innan 12 ára aldrei að nota snjalltæki. Eins hefur Andreas Schleicher fyrrverandi greiningarstjóri OECD m.a. sagt að í flestum menntakerfum sem ná bestum árangri sé tækni merkilega fjarverandi. Það virðist sem þessi menntakerfi leggi megin áherslu á hefðbundnar kennsluáðferðir frekar en stafræn tæki. Að innleiða snjalltækni í skólastarf eykur á skjátíma sem nú þegar er orðinn alvarlegt vandamál víðast hvar í heiminum. Við spyrjum: er sýnt með óyggjandi hætti að notkun stafrænnar tækni eins og snjalltækni hafi góð áhrif á menntun barnanna okkar? Okkar kannanir á því sýna því miður annað og að notkun slíkrar tækni sé mjög vandmeðfarin og eigi alls ekki við um ung börn á leikskólaaldri. Snjalltæki eru glansandi, falleg og spennandi tæki, bæði fyrir okkur foreldrana og hvað þá börnin okkar en ekki er allt gull sem glóir.

- Kl. 13:06 vikur Líf Magneudóttir af fundi og Sigríður Pétursdóttir tekur þar sæti.
4. Starfs- og fjárhagsáætlunargerð skóla- og frístundasviðs 2016, trúnaðarmál. Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla og frístundasviðs, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2015020035
 5. Lögð fram skýrslan Tómsundamenntun, tilraunaverkefni í frístundamiðstöðinni Miðbergi í Breiðholti. Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Krístrún Lilja Daðadóttir, deildarstjóri unglingastarfs í Miðbergi, kynna og svara fyrirspurnum. SFS2015010013

Bókun skóla- og frístundaráðs og áheyrnarfulltrúa framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva og skólastjóra grunnskóla:

Skóla- og frístundaráð þakkar Vöndu og Krístrúnu fyrir góða kynningu og taka undir mikilvægi þess að kenna börnum og unglíngum að nýta frítíma sinn á uppbyggilegan hátt. Frístundamiðstöðvar eru vel til þess fallnar að sjá um tómstundamenntun grunnskólabarna í Reykjavík í samstarfi við grunnskólana. Skóla- og frístundaráð skorar á stýrihóp borgarstjóra sem vinnur að stefnumótun í frístundastarfi að vinna með hugmyndir að því hvernig best er að undirbúa börn í Reykjavík til framtíðar hvað varðar tómstundamenntun.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja áherslu á og ítreka að banni við kynningu á tómstunda- og íþróttastarfi í grunnskólum Reykjavíkur verði aflétt sem fyrst. Mikilvægt er að auka áhuga og hvetja nemendur til þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi enda sýna allar rannsóknir að þeim börnum sem taka þátt í slíku starfi líður betur, gengur betur í skóla og eru ólíklegri til að neyta fíkniefna, reykja og drekka.

6. Lagt fram bréf Borgarstjórans í Reykjavík, dags. 5. mars 2015, þar sem borgarráð vísar svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að fela óháðum aðila að vinna úttekt um sameiningarferli leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila með tilliti til samþykktar Reykjavíkurborgar, stjórnarsýslulaga og góðra stjórnarháttar. Áhersla verði lögð á að skoða hvernig staðið var að samskiptum og samráði við foreldra þeirra nemenda, sem umrætt sameiningarferli náði til og gerð viðhorfskönnun meðal þeirra. Í úttektinni verði settar fram tillögur að úrbótum ef þörf krefur.

Tillagan er felld með 4 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna, Ragnars Hanssonar, Skúla Helgasonar, Sabine Leskopf og Sigríðar Pétursdóttir gegn 2 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins Kjartans Magnússonar og Mörту Guðjónsdóttir. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Jóna Björg Sætran situr hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja áherslu á að við framkvæmd þeirrar óháðu úttektar á fjárhagslegum og faglegum markmiðum skólasameininga á síðasta kjörtímabili sem fyrirhuguð er, verði sérstaklega leitað eftir sjónarmiðum foreldra um það hvernig staðið var að samskiptum og samráði við foreldra þeirra nemenda sem sameiningarferlið náði til.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Við hörmum að fulltrúar Samfylkingar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna kjósi að fella tillögu Sjálfstæðisflokksins um að fela óháðum aðila að vinna sérstaka úttekt um nýafstaðið sameiningarferli leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila með sérstakri áherslu á hvernig staðið var að samskiptum og samráði við foreldra þeirra nemenda, sem umrætt sameiningarferli náði til. Í nýútkominni úttekt á umræddu sameiningarferli var ekki leitað álits foreldra á vinnubrögðum Reykjavíkurborgar í ferlinu og er það miður því ljóst er að með því hefðu komið fram fjölmargar ábendingar frá foreldrum um það sem betur hefði mátt fara. Mikilvægt er að ráðast í sérstaka úttekt á viðhorfum foreldra til þess hvernig staðið var að umræddu verkefni

og sýna með því í verki að foreldrar skipta ekki síður máli þegar umrædd vinnubrögð eru metin en embættismenn og starfsmenn borgarinnar. Slík úttekt væri einnig mikilvæg að því leyti að þar væri reynslan skráð og hún myndi þannig hjálpa borgaryfirvöldum að standa betur að viðamiklum breytingum á skólastarfi í Reykjavík í framtíðinni en gert var á sl. kjörtímabili.

SFS2015030035

7. Dagskrárlið 7, í útsendri dagskrá, varðandi samninga við sjálfstætt rekna grunnskóla, frestað.
8. Ráðning skólastjóra við Austurbæjarskóla. SFS2015040025

Lögð fram:

- a) Greinargerð sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. apríl 2015, vegna ráðningar í stöðu skólastjóra við Austurbæjarskóla.
- b) Yfirlit yfir umsækjendur um stöðu skólastjóra Austurbæjarskóla.
- c) Auglýsing um stöðu skólastjóra við Austurbæjarskóla.
- d) Viðmið skóla- og frístundaráðs vegna ráðninga skólastjóra við grunnskóla í Reykjavík, samþykkt á 153. fundi menntaráðs 24. ágúst 2011.

Tuttugu umsóknir bárust um stöðuna.

Sviðsstjóri leggur til að Kristín Jóhannesdóttir verði ráðin í stöðu skólastjóra við Austurbæjarskóla.
Samþykkt.

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum skólastjóra Kristínu Jóhannesdóttur velfarnaðar í starfi og þakkar fráfarandi skólastjóra Guðmundi Sighvatssyni vel unnin störf í þágu grunnskólastarfs í Reykjavík um árabíl.

9. Ráðning skólastjóra við Breiðagerðisskóla. SFS2015040026

Lögð fram:

- a) Greinargerð sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. apríl 2015, vegna ráðningar í stöðu skólastjóra við Breiðagerðisskóla.
- b) Yfirlit yfir umsækjendur um stöðu skólastjóra Breiðagerðisskóla.
- c) Auglýsing um stöðu skólastjóra við Breiðagerðisskóla.
- d) Viðmið skóla- og frístundaráðs vegna ráðninga skólastjóra við grunnskóla í Reykjavík, samþykkt á 153. fundi menntaráðs 24. ágúst 2011.

Tuttugu og sex umsóknir bárust um stöðuna.

Sviðsstjóri leggur til að Þorkell Daníeli Jónsson verði ráðinn í stöðu skólastjóra við Breiðagerðisskóla.
Samþykkt.

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum skólastjóra Þorkeli Daníeli Jónssyni velfarnaðar í starfi og þakkar fráfarandi skólastjórum Guðbjörgu Þórisdóttur og Guðrúnu H. Ingimundardóttur, vel unnin störf í þágu grunnskólastarfs í Reykjavík um árabíl.

10. Ráðning skólastjóra við Seljaskóla. SFS2015040028

Lögð fram:

- a) Greinargerð sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. apríl 2015, vegna ráðningar í stöðu skólastjóra við Seljaskóla.
- b) Yfirlit yfir umsækjendur um stöðu skólastjóra Seljaskóla.

- c) Auglýsing um stöðu skólastjóra við Seljaskóla.
- d) Viðmið skóla- og frístundaráðs vegna ráðninga skólastjóra við grunnskóla í Reykjavík, samþykkt á 153. fundi menntaráðs 24. ágúst 2011.

Tuttugu umsóknir bárust um stöðuna.

Sviðsstjóri leggur til að Magnús Þór Jónsson verði ráðinn í stöðu skólastjóra við Seljaskóla.
Samþykkt.

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum skólastjóra Magnúsi Þór Jónssyni velfarnaðar í starfi og þakkar fráfarandi skólastjóra Þórði Kristjánssyni vel unnin störf í þágu grunnskólastarfs í Reykjavík um árabíl.

11. Ráðning skólastjóra við Vesturbæjarskóla. SFS2015040029

Lögð fram:

- a) Greinargerð sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. apríl 2015, vegna ráðningar í stöðu skólastjóra við Vesturbæjarskóla.
- b) Yfirlit yfir umsækjendur um stöðu skólastjóra Vesturbæjarskóla.
- c) Auglýsing um stöðu skólastjóra við Vesturbæjarskóla.
- d) Viðmið skóla- og frístundaráðs vegna ráðninga skólastjóra við grunnskóla í Reykjavík, samþykkt á 153. fundi menntaráðs 24. ágúst 2011.

Tuttugu og ein umsókn barst um stöðuna.

Sviðsstjóri leggur til að Margrét Einarsdóttir verði ráðin í stöðu skólastjóra við Vesturbæjarskóla.
Samþykkt.

Skóla- og frístundaráð óskar nýráðnum skólastjóra Margréti Einarsdóttir velfarnaðar í starfi og þakkar fráfarandi skólastjóra Hildi Hafstað vel unnin störf í þágu grunnskólastarfs í Reykjavík um árabíl.

- Kl. 14:35 vikur Sigríður Pétursdóttir af fundi.

12. Niðurstöður Reykjavíkurborgar í samræmdum könnunarprófum haustið 2014. Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri tölfraeði- og rannsóknþjónustu skóla- og frístundasviðs, kynnir og svarar fyrirspurnum.

13. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um fyrirkomulag brunavarna við Háaleitisskóla - Álftamýrari, sérstaklega varðandi flóttaleiðir úr suðurálmum og skólastofu í kjallara, og að gripið verði til úrbóta ef þörf krefur.

14. Ráðning skólastjóra við Réttarholtsskóla. SFS2015040027
Frestað.

Fundi slitið kl. 15.18

Skúli Helgason

Jóna Björg Sætran
Marta Guðjónsdóttir
Sabine Leskopf

Kjartan Magnússon
Ragnar Hansson